

Mál nr 6/2016

Ár 2016, mánudaginn 5. september, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 6/2016

X

Gegn

Z og Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 25. janúar 2016 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu (Z og Y) hafi gerst brotlegar við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina W við rakkann Q án þess að tíkin væri með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 17. mars 2016 og þeim gefinn frestur til 14. apríl til að skila inn andmælum. Ekki barst svar innan tilskilins frests og var kærðu sendar ítrekanir dags 18. apríl og gefinn viðbótarfrestur til 25. apríl, sem kærðu sinntu ekki heldur um að svara. Siðanefnd taldi að svo búnu að kærðu myndu ekki reyna að halda uppi vörnum í málinu og ákvað því að taka málið til úrskurðar byggt á fyrirbyggjandi gögnum frá skrifstofu HRFÍ.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 14. desember 2015 var tíkin W10 pöruð við rakkann Q hinn 9. ágúst 2015. Við pörunina var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Hundarnir eru af hundakyninu Shetland sheepdog og er báðir hundarnir í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærðu gerst brotlegar við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærðu hafa ekki nýtt sér andmælarétt sinn né á nokkurn hátt reynt að útlista sín sjónarmið í málinu þrátt fyrir ítrekuð tilmæli nefndarinnar.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Shetland sheepdog segir:

„Augnvottorð: Vottorð undaneldishunda skulu ekki vera eldri en 18 mánaða við pörun (Gildir frá 01.03.2009). Got undan tveimur bláum (blue merle) hundum fæst ekki ættbókarfært og ræktunarbann er á hvolpum undan bláum (blue merle) og gulum (sable). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýmum (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).

Óumdeilt er að á þeim tíma sem þörunin átti sér stað var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Augnvottorðið er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að það liggja fyrir við þörun til þess að tryggt sé að hundarnir beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Tíkin var augnskoðuð 28. nember 2015 og til allra heilla stóðst hún skoðun. Það breytir þó ekki brotinu að tíkin hafi staðist skoðun eftir, það var ekki fyrir séð.

IV. Niðurstaða.

Kærðu; Z og Y teljast hafa gerst brotlegar við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ

Kærðu eru áminntar.

f.h. siðanefndar

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir